


3. MISMUNUN

Mismunun brýtur í bága við grundvallaratriði mannréttinda.



Að mismuna einhverjum er að útiloka viðkomandi frá því að geta notið til fulls pólitískra, borgaralegra, efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda sinna og frelsis. Mismunun brýtur í bága við þá grundvallarreglu mannréttinda að allir séu jafnbornir til virðingar og að allir skulu njóta sömu grundvallarréttinda. Kveðið er á um þessa grundvallarreglu í öllum mannréttindasamningum (t.d. í 2. grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, 2. grein Barnasáttmálans, 14. grein Mannréttindasáttmála Evrópu og 1. grein samningsviðauka hans nr. 12). Í flestum stjórnarskrám eru einnig ákvæði um að ekki megi mismuna fólki.

Þótt ekki sé um að ræða einhlíta skilgreiningu á orðinu „mismunun“ í lögum um mannréttindi eða í útskýringum á mismunun í mannréttindasamningum (t.d. Mannréttindayfirlýsingur Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmálanum, Mannréttindasáttmála Evrópu, **Alþjóðasamningnum um afnám alls kynþáttamisréttis** eða **Alþjóðasamningnum um afnám allrar mismununar gagnvart konum**), er í öllum tilvikum um nokkur sameiginleg atriði að ræða:

1. Um er að ræða *orsök* mismununar sem byggð er á ýmsum þáttum. Í 2. grein Barnasáttmálans eru til dæmis eftirfarandi atriði sérstaklega tilgreind sem orsök mismununar: „kynþáttur, litarháttur, kynferði, tunga, trúarbrögð, stjórnmalaskoðanir eða aðrar skoðanir, uppruni með tilliti til þjóðernis, þjóðháttar eða félagslegrar stöðu, eignir, fötlun, ætterni eða aðrar aðstæður barnsins eða foreldris þess eða lögráðamanns“. Með síðasta atriðinu, „eða aðrar aðstæður“, er gert ráð fyrir ýmsum öðrum orsökum, svo sem þjóðfélagsstétt, starfi, kynhneigð og því tungumáli sem viðkomandi kys að nota.
2. Um er að ræða tilteknar aðgerðir sem skilgreindar eru sem mismunun, svo sem höfnun, takmörkun eða útilokun einstaklings eða hóps fólks. Þetta geta verið allt frá grimmdarlegustu mannréttindabrotunum, svo sem **þjóðarmorði**, þrælahaldi, þjóðernishreinsunum eða trúarlegum ofsóknum, til óljósari en jafnframt algengari aðferða, svo sem mismununar í tengslum við starfsráðningar eða starfsframa, húsnæðismál og orðalag. Algengar aðferðir mismununar meðal barna eru að skilja út undan (neita t.d. barni um að vera með í leik), leggja í einelti og uppnefna vegna útlits eða eiginleika (t.d. „aumingi“, „feitabolla“, „fífl“). Sjá einnig 13. efnisflokkinn sem fjallar um *ofbeldi*, bls. 272.
3. *Afleiðingar* slíks geta komið í veg fyrir að einstaklingar njóti mannréttinda sinna og grundvallarfrelsis. Mismunun hefur einnig áhrif á þjóðfélagið í heild sinni með því að kynda undir fordómum og kynþáttahatri.



Mismunun byggist oft á fáfræði, fordómum og neikvæðum **staðalmyndum**. Þar sem margir óttast hið óþekkta og framandi bregðast þeir við þeim sem eru öðruvísi í útliti eða hafa aðra siði og venjur með tortryggni og jafnvel ofbeldi.

Líta má á viðhorf, aðgerðir eða stofnanavenjur, þar sem litið er niður á einhverja eða þeir einangraðir, sem mismunun. Kynþáttafordómar eiga sér einkum sögulegar rætur í þeirri sannfæringu að einn hópur sé öðrum æðri, skoðunum sem eitt sinn voru notaðar til að réttlæta það að „óæðri“ hópum væri mismunað. Þó að slíkum skoðunum sé nú almennt hafnað á kynþáttamisrétti sér samt enn stað. Einnig má nefna mismunun vegna kynferðis eða aldurs, hommahatur, gyðingahatur og trúarlega fordóma, sem og **útlendingahatur**, hræðslu eða andúð á útlendingum og framandi löndum.

Aðskilnaður, eins konar einangrun þjóðernishópa samkvæmt lögum eða venju, er dæmi um öfgafulla mismunun. Í Evrópu hefur opinber aðskilnaðarstefna verið ríkjandi; gyðingar voru til dæmis einangraðir í gettóm á sínum tíma. Nú á dögum er rómafólk víða um Evrópu neytt til að búa í einangruðum samfélögum vegna fjandsamlegra viðhorfa eða efnahagslegs aðskilnaðar.

Mismunun getur verið beitt á opinskáan hátt sem *beinni mismunun* sem einkennist af því að einstaklingi eða hópi er vísitandi mismunað. Sem dæmi um beina mismunun má nefna tilvik á borð við að barni af tilteknum uppruna sé meinaður aðgangur að skóla eða þegar húsaleigufélag leigir ekki innflytjendum íbúðir. Óbein mismunun er afleiðing stefnu eða aðgerðar sem kann að virðast hlutlaus en er í raun fólk í tilteknum minnihlutahópi kerfisbundið í óhag, samanborið við aðra. Dæmi um þetta er þegar sett er skilyrði um lágmarkshæð slökkviliðsmanna sem útilokar að fjöldi kvenna og innflytjenda sækji um starf á þeim vettvangi, eða þegar stórverslanir ráða ekki fólk sem klæðist síðum kuflum eða gengur með höfuðslæður.

Til að berjast gegn mismunun, einkum óbeinni eða falinni mismunun, hefur **jákvæð mismunun**, sem einnig kallast **sértæk aðgerð**, verið tekin upp í nokkrum löndum. Við sumar aðstæður er jákvæð mismunun fólgin í því að veita tilteknum hópi eða hópum, sem orðið hafa fyrir skipulegri mismunun í gegnum tíðina, forgang af ásettu ráði, t.d. að ráða frekar umsækjendur úr hópi þeirra sem hafa yfirleitt ekki háskólamenntun, eða koma á kvóta fyrir minnihlutahópa, svo sem konur eða fólk af landsbyggðinni, í tilteknar opinberar stöður. Ætlunin er að ráða þannig bót á falinni mismunun og tryggja jafnframt meiri jöfnuð innan samfélagsins. Í öðrum tilvikum er jákvæð mismunun fólgin í því að skapa þær aðstæður að fólk sem á við erfiðleika að etja (t.d. líkamlega fötlun) njóti sömu réttinda og tækifæra og aðrir. Enn ein tegund jákvæðrar mismununar felst í að „leiðrétta“ óréttlæti sem ríkt hefur áður. Segja má að með öllum þessum aðferðum sé reynt að koma á jöfnuði „með ójöfnuði“.¹

Ávallt þegar fólk er dregið í dilka og ýmsum einstaklingum og hópum látin í té ýmiss konar réttindi og skyldur ætti að íhuga vel hvers vegna slíkt er gert. Er það í raun nauðsynlegt? Kemur það einhverjum til góða? Ef svo er ekki gæti jákvæð mismunun hreinlega verið dæmi um fordóma og mismunun.

Kynþáttafordómar

Kynþáttafordóma má skilgreina sem meðvitaða eða ómeðvitaða sannfæringu um að einn kynþáttur sé öðrum æðri. Í þessari skilgreiningu felst að gert sé ráð fyrir að kynþættirnir séu líffræðilega ólíkir en sú tilgáta hefur nú verið hrakin í nýlegum rannsóknum, fyrst og fremst í verkefninu um erfðamengi mannsins. En þó að „kynþáttur“ sé augljóslega félagslegt fyrirbæri ríkja engu að síður kynþáttafordómar um allan heim. Enda þótt fáir trúu því lengur að svokallaður „æðri kynþáttur“ eigi í eðli sínu rétt á yfirráðum yfir þeim sem taldir eru vera „óæðri“, þá eru menningartengdir kynþáttafordómar eða **þjóðhverfa** enn víða ríkjandi, þar sem fólk er sannfært um að einhver menningarform, yfirleitt eigin menning, séu öðrum æðri eða að menning annarra, hefðir þeirra, venjur og arfleifð jafnist ekki á við eigin menningararf.

Hvers kyns kynþáttafordómar tengjast valdi, fólki sem tekur sér það vald að ákveða hvað er öðru „æðra“



og mismunar fólki sem hefur minna vald. Því má segja að kynþáttafordómar séu hleypidómar sem sýndir eru í verki.

SPURNING: *Hvað getur þú gert til að fræða börnin sem þú vinnur með um mismunandi kynþætti og þjóðerni fólks hér á landi?*

Afleiðingar kynþáttafordóma, bæði nú á dögum og áður fyrr, eru skelfilegar fyrir einstaklinginn jafnt sem þjóðfélagið í heild sinni. Kynþáttafordómar hafa leitt til fjöldaútrýmingar, þjóðarmorða og kúgunar. Í skjóli þeirra hefur meirihluti þjóða verið ofurseldur duttlungum fámenns minnihluta sem setið hefur á auði og völdum.

Mismunun vegna þjóðernis eða menningar

Á sama hátt og þegar um menningartengda kynþáttafordóma er að ræða, þar sem tiltekin menning er talin annarri æðri, er við mismunun vegna þjóðernis eða menningar litið svo á að sum menningarform, yfirleitt minnihlutahópar, séu í eðli sínu öðrum óæðri eða óæskileg. Frá fornu fari hafa gyðingar og rómafólk orðið fyrir mestu misrétti af þessu tagi.

Gyðingahatur, eða andúð á gyðingum sem trúarlegum eða þjóðernislegum minnihlutahópi, á rætur að rekja allt til miðalda þegar gyðingar voru yfirleitt eini minnihlutahópurinn í Evrópu sem ekki var kristinnar trúar. Þar sem gyðingum var almennt bannað að stunda flest störf og viðskipti, þeir neyddir til að búa í gettóum fjarri kristnum mönnum, refsað með háum sköttum, rúnir eignum og jafnvel gerðir brottrækir frá heimalöndum sínum eða drepnir, börðust þeir gegn óréttlæti og fordómum kristinna samfélaga öldum saman.

Uppgangur fasismans á miðri tuttugustu öld, og hugmyndafræði hans um kynþáttayfirburði, leiddi til enn meira gyðingahaturs í Evrópu sem náði hámarki með helförinni, þar sem sex milljónum gyðinga var kerfisbundið útrýmt í annarri heimsstyrjöldinni. Jafnvel núna á tuttugustu og fyrstu öldinni er enn langt í land að gyðingahatur sé úr sögunni. Hópar sem telja sig æðri gyðingum vanhelga grafreitir þeirra og samtök nýnasista fara ekki leynt með gyðingahatur sitt og dreifa áróðri.

SPURNING: *Hvað varð um gyðinga hér á landi í síðari heimsstyrjöldinni?*

Rómafólk, sem kallast einnig ranglega sígaunar, hefur haft búsetu víða í Evrópu í aldanna rás. Þó að það eigi sér ekkert föðurland hefur það þó varðveitt tungu sína og menningu, þrátt fyrir að hafa lifað flökkulífi og unnið fyrir sér með pottaviðgerðum, handverki, tónlist og solumennsku. Alla tíð hefur rómafólk verið beitt mismunun, meðal annars hefur það verið þvingað til að aðlaga sig aðstæðum og sætt ánaud. Á tuttugustu öldinni var rómafólki útrýmt þúsundum saman af þýskum nasistum, það var þvingað til félagslegrar aðlögunar í kommúnistaríkjum Austur-Evrópu og því var útskúfað efnahagslega í hátæknivæddum kapítalískum ríkjum þar sem það skorti nauðsynlega kunnáttu og færni. Nú á dögum alast mörg rómabörn upp í fjandsamlegu umhverfi þar sem þeim er neitað um ýmis grundvallarmannréttindi, svo sem menntun, heilbrigðisþjónustu og húsnæði.

SPURNING: *Byr rómafólk hér á landi?*



Mismunun vegna útlendingahaturs

Vaxandi hnattvæðing og aukinn fjölbreytileiki í samfélaginu verður til þess að sumir bregðast við með útlendingahatri, ótta eða andúð gagnvart útlendingum eða erlendum ríkjum. Í flestum tilvikum er hugtakið „útlendur“ byggt á félagslegri ímynd og hugmyndum sem einfalda heiminn þannig að annars vegar erum „við“, venjulega fólkið, „gott fólk eins og ég“, og hins vegar „þeir“, hinir sem eru öðruvísi: þeir sem ógna og sundra og sýna viðteknum gildum og háttum vanvirðingu.

SPURNINGAR: *Manstu eftir dæmi um útlendingahatur hér á landi? Hvernig áhrif hefur útlendingahatur á börn? Hvað getur þú gert til að takast á við slík áhrif?*

Enda þótt flestir líti svo á að útlendingahatur sé ólíðandi út frá siðferðislegu sjónarmiði og brjóti í bága við mannréttindamenningu, þá er það ekki óalgengt. Þegar mismunun vegna útlendingahaturs er sýnd í verki, svo sem með svívirðingum eða ofbeldi, er augljóslega um mannréttindabrot að ræða.

Mismunun vegna kynferðis

Þó að mismunun vegna kynferðis sé hárfín og fari meira eða minna leynt í Evrópu er kynjamisrétti þó útbreitt fyrirbæri. Margar stofnanir samfélagsins, svo sem fjölmiðlar, fjölskyldan, dagvistarstofnanir eða skólar, halda fast í staðalmyndir kvenna og karla og miðla slíkum hugmyndum. Hefðbundið viðhorf til kynjanna í vestrænum þjóðfélögum tengist oft valdi: það sem einkenni karla, og almennar athafnir þeirra, sé að þeir séu drifandi, sterkir, afkastamiklir, djarfir, mikilsmegandi, félagslyndir, áhrifamiklir, njóti félagslegrar viðurkenningar og þeim sé umbunað með háum launum. Það sem einkenni konur sé valdaleysi: þær séu ósjálfstæðar, umhyggjusamar, óvirkar og helgi sig fjölskyldunni. Konur gegni oft lágum stöðum, störf þeirra séu minna metin, njóti minni viðurkenningar og séu verr launuð en karlastörf. Stelpur og strákar sem samræmast ekki viðteknum staðalmyndum geta orðið fyrir gagnrýni, útskúfun og jafnvel ofbeldi. Slíkir árekstrar geta haft áhrif á mótun sjálfmyndar meðal barna. Sjá einnig 7. efnisflokkinn um *kynjajafnrétti*, bls. 237.

Mismunun vegna trúarbragða

Trúfrelsi er almennt virt í Evrópu en þó er algengt að trúarleg mismunun eigi sér stað, oft í beinum tengslum við kynþáttafordóma og útlendingahatur. Þó að Evrópa hafi forðum verið sundruð vegna misklíðar milli mótmælenda og katólskra manna, rétttrúnaðarmanna og „hinnar opinberu“ kirkju og sértrúarsöfnuða, er þessi áherslumunur meðal kristinna manna orðinn mun lítilvægari nú á dögum en hann var. Jafnframt þrífast ýmis trúfélög minnihlutahópa áfram í Evrópu, svo sem trúfélög hindúa, búddatrúarmanna, baháía, rastafariana og múslima. Oft er horft fram hjá þessum aukna fjölbreytileika í trúmálum, svo sem þeim milljónum Evrópubúa sem eru ekki trúaðir, sem og þeim sem ekki eru kristinnar trúar.

SPURNINGAR: *Hvaða trúfélög minnihlutahópa eru til hér á landi? Hvar eru samkomustaðir þeirra?*

Sérstökum áhyggjum veldur aukið múslimahatur, mismunun, ótti og andúð gagnvart íslam, sem er útbreiddasta trúin í Evrópu, fyrir utan kristna trú, og ríkjandi trú innan ýmissa landa og landsvæða á Balkanskaganum og í Kákasus. Andúðin á íslam eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin, Spán og England á undanförunum árum hafa vakið upp djúpstæða fordóma í flestum ríkjum Evrópu. Hún kemur almennt fram í því að íslam er ekki opinberlega viðurkennt sem trúarbrögð, ekki er veitt leyfi til að reisa



moskur, trúarhópum eða samfélögum múslima er ekki veitt nein aðstaða eða stuðningur, og konum er meinað að ganga með höfuðslæður.

Meðal algengustu fordómanna í garð íslamstrúar er að hún samræmist ekki mannréttindum. Skortur á lýðræði og fjöldi mannréttindabrota í mörgum múslimaríkjum bera vitni um það, án þess að viðurkennt sé að trúmál séu aðeins eitt af mörgum atriðum sem stuðlað geta að ólýðræðislegu stjórnarhari.

Oft stafa fordómar einnig af vanþekkingu á íslam, sem margir tengja ekki öðru en hryðjuverkum og ofstæki og pólitík tiltekinna landa. En í raun boðar íslam, líkt og flest önnur trúarbrögð, umburðarlyndi, samstöðu og náungakærleik.

Mismunun vegna kynhneigðar

Hommahatur kemur fram í óbeit eða andúd á samkynhneigðu fólki, lífsstíl þess eða menningu, eða almennt á fólki með annars konar kynhneigð en gengur og gerist, svo sem tvíkynhneigðu fólki og transfólki. Þó að mannréttindi samkynhneigðra hafi verið eflað til muna með lagalegum umbótum í Evrópu búa þeir þó við afar mismunandi aðstæður; allt frá stórborgum þar sem samkynhneigðir lifa og starfa óáreitir og geta stofnað eigin félagasamtök án nokkurra vandkvæða, til dreifbýlis og svæða í Austur- og Mið-Evrópu, þar sem samkynhneigðum er jafnvel mismunað í lagalegu tilliti og verða fyrir áreiti og jafnvel ofbeldi bæði af hendi almennings og ráðamanna. Margir líta enn á samkynhneigð sem sjúkdóm, sálrænan kvilla eða jafnvel siðferðilega synd. Ýmsir aðrir heimfæra, meðvitað eða ómeðvitað, norm gagnkynhneigðra á homma og lesbíur og álasa þeim fyrir að hegða sér ekki eins og „venjulegt fólk“.

SPURNINGAR: *Nota börnin sem þú vinnur með ærumeiðandi orð um samkynhneigða, jafnvel án þess að skilja hvað þau eru að segja? Hvað getur þú gert til að leiðrétta slíkt orðbragð?*

Mismunun vegna fötlunar

Hugtakið „einstaklingur með fötlun“ getur vísað til ýmiss konar ástands; fötlun getur verið líkamleg, andleg, tilfinningaleg eða sálfélagsleg, tímabundin eða varanleg, og verið afleiðing sjúkdóms, slyss eða arfgengis. Fólk með fötlun nýtur sömu mannréttinda og annað fólk. En af ýmsum ástæðum mætir það oft félagslegum, lagalegum og líkamlegum hindrunum þegar það krefst réttar síns til jafns við aðra. Venjulega er það vegna misskilnings og neikvæðra viðhorfa til fötlunar almennt.

Margir eru haldnir þeim ranghugmyndum að fatlaðir geti ekki lagt mikið af mörkum til samfélagsins. Neikvæðustu viðhorfin felast í því að annaðhvort sé fólk með fötlun „bugað“ eða „veikt“ og þarfnist aðstoðar eða lækningar, eða það sé hjálparvana og þarfnist umönnunar.

Með jákvæðu viðhorfi er aftur á móti litið á fötlun sem eðlilegan þátt í mannlegum fjölbreytileika sem nálgast ber með skynsamlegum ráðum, þ.e. öllum þeim aðferðum sem stuðlað geta að fullri þátttöku og aðgengi, og hvetja og styðja einstaklinginn til að haga sér í samræmi við eigin getu (nota t.d. hjólastól eða fá lengri frest en aðrir til að ljúka verkefni). Með þessu jákvæða viðhorfi er gengið út frá því að þjóðfélaginu beri skylda til að aðstoða einstaklinga með fötlun.

Hið félagslega viðhorf gagnvart fötlun: Þeim fyrirstöðum sem félagslegar og líkamlegar aðstæður skapa og koma í veg fyrir að fólk með fötlun geti tekið þátt í samfélaginu, og fái notið réttinda sinna, skal rutt úr vegi. Í því felst að stuðla skuli að jákvæðum viðhorfum og ryðja fyrirstöðum úr vegi (hafa t.d. hjólastólaaðgengi í húsum).

Í samræmi við hið félagslega viðhorf gagnvart fötlun er nú litið á börn með fötlun sem „börn með sérþarfir“. Samfélagslegum stofnunum er skylt að taka tillit til þessara sérþarfa og haga starfi sínu samkvæmt því. Meirihluti fatlaðra barna stundar nám í almenna skólakerfinu í dag.



Hugtakið „börn með sérþarfir“ nær einnig yfir þau börn sem gengur illa í skóla af ástæðum sem kunna að hafa áhrif á almennan þroska þeirra og framfarir. Aðlaga þarf námskrá, kennslu og skipulag í skólum að þörfum þessara nemenda og/eða fá meiri aðstoð til að þeir nái eins góðum árangri og geta þeirra leyfir. Slík þróun er skref í áttina að námi án aðgreiningar.²

SPURNINGAR: *Hvernig menntun fá börn með fötlun hér á landi? Hvaða úrræði standa börnum með sérþarfir til boða?*

Í desember 2006 var fyrsti alþjóðasamningurinn um mannréttindi fatlaðra samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, **Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fatlanir**. Evrópusambandið undirritaði hann í mars 2007 og fagnaði honum sem „fyrsta alþjóðlega mannréttindasamningi nýrrar aldar“:

Í samningnum er fötlun skilgreind sem liður í mannlegri fjölbreytni og framlag fatlaðra til þjóðfélagsins viðurkennt. Öllu því sem hindrar þátttöku fatlaðra er vísað á bug og hvatt er til að þeir verði virkir samfélagsþegnar. Langtímamarkmiðið með samningnum er að breyta viðhorfi almennings gagnvart fötludum, þannig að þjóðfélagið allt taki breytingum.³

Fræðst um réttinn til að vera ekki mismunað

Kennarar vita hve brýnt er að þroska með hverju barni umburðarlyndi og jafnræðisviðhorf, og skapa námsumhverfi þar sem fjölbreytni er viðurkennd og metin að verðleikum í stað þess að litið sé fram hjá henni og látið eins og hún sé ekki til. Hluti af þessu ferli felst í því að þeir sem vinna með börnum, sem og börnin sjálf, geri sér grein fyrir því hvernig þeir sjálfir og aðrir mismuna öðrum. Verkefni sem byggjast á hlutverkaleik og samkennd stuðla að því að börn öðlist aukinn skilning og sýni samhug, og þau þroska jafnframt sveigjanleika og sjálfstraust með börnum sem verða fyrir mismunun.

Evrópuáætlanir um baráttu gegn mismunun

Evrópuráðið hefur komið upp ýmsum stofnunum og nefndum og hrint úr vör áætlunum um baráttu gegn mismunun í Evrópu. Evrópunefndin gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi, sem var stofnuð árið 1993, birtir reglulega kannanir varðandi kynþáttafordóma og umburðarleysi í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Einnig stendur hún fyrir hringborðsumræðum með fulltrúum opinberra aðila og samþykkir tillögur um almenna stefnu sem síðan eru kynntar stjórnvöldum.

Stofnun ESB um grundvallarréttindi (Fundamental Rights Agency), sem er sjálfstæð stofnun innan Evrópusambandsins, stofnuð árið 2007, veitir aðildarlöndum, sem eru að innleiða lög sem varða grundvallarréttindamál, sérfræðiráðgjöf. Enn fremur vinnur hún að því að auka skilning almennings á mannréttindamálum og að samvinna sé höfð við opinbera aðila.

Í nokkrum Evrópulöndum hefur verið komið á fót eins konar jafnréttisstofnunum sem berjast gegn mismunun og stuðla að jafnrétti og umburðarlyndi.

SPURNING: *Eru einhverjir opinberir ráðamenn hér á landi sem hafa það hlutverk að berjast gegn mismunun?*

Evrópuráðið vinnur einnig að vitundarvakningu í ýmsum áætlunum sínum. Á árunum 2006–2007 varpaði evrópska æskulýðsherferðin „Öll jöfn – öll ólík“ ljósi á þrjá mismunandi þætti: fjölbreytni (þar sem ólíkri menningu og hefðum er fagnað), mannréttindi og þátttöku (að allir fái að taka þátt í að byggja upp Evrópu þar sem allir njóta þess réttar að vera þeir sjálfir – að vera ólíkir og jafnir). Einnig



má nefna herferð Evrópuráðsins, „Dosta“, gegn mismunun gagnvart rómafólki, en á tungumáli rómafólks merkir „Dosta!“ að „nú sé nóg komið“. Þessi herferð miðar að því að vekja almennan skilning á málefnum rómafólks.

Baráttan gegn mismunun er þó alls ekki úr sögunni og Evrópuráðið mun halda áfram að styðja hana ötullega.

.....
Gagnlegar heimildir

- Bellamy, Carol, *La Situation des Enfants dans le Monde*: UNICEF, 2004: www.unicef.org/french/sowc04/files/SOWC_04_FR.pdf
- *Children's Etiquette or How to Be Friends with Everybody*: Croatian Union of Physically Disabled Persons Associations (CUPDPA), Zagreb, 2002.
- *Salamanca-yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*: UNESCO, Salamanca, 1994: <http://unesdoc.unesco.org/images/0009/000984/098427eo.pdf>
- *Tous les Enfants du Monde ont le Droit*: Editions Fleurus Presse/ UNICEF Frakklandi, 2007.
- Titley, Gavan, *Youth work with Boys and Young Men as a means to prevent violence in everyday life*, Evrópuráðið, 2003.

.....
Gagnleg vefsvæði

- Evrópuráðið: www.coe.int
- „Öll jöfn – öll ólík“: <http://alldifferent-allequal.info>
- Aðalskrifstofa Mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna: www.ohchr.org/english/
- UNICEF: www.unicef.fr
- Bibliothèque Numérique pour le Handicap: <http://bnh.numilog.com>
- Evrópusambandið – Sameinuðu þjóðirnar: Samningurinn um réttindi fatlaðs fólks, 2007: www.europa-eu-un.org/articles/fr/article_6914_fr.htm
- Alþjóðlegir staðlar um flokkun menntunar (ISCED): UNESCO, 1997: www.unesco.org/education/information/nfsunesco/doc/iscsed_1997.htm

.....
Tilvísanir

- 1 Sjá Droits Partagés, des droits de l'homme aux droits de l'enfants: www.droitspartages.org
- 2 Sjá alþjóðlega staðla um flokkun menntunar (ISCED): www.unesco.org/education/information/nfsunesco/doc/iscsed_1997.htm
- 3 Sjá Evrópusambandið – Sameinuðu þjóðirnar: Samningurinn um réttindi fatlaðs fólks: www.europa-eu-un.org/articles/fr/article_6914_fr.htm

